

Persónuverndarstefna

Skautafélag Reykjavíkur, íshokkídeild

Skautafélag Reykjavíkur, íshokkídeild., kt. 561092-2309, (hér eftir vísað til sem „SR" eða „félagsins") hefur einsett sér að tryggja öryggi, trúnað og áreiðanleika persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga einstaklinga sem æfa hjá félaginu, eru í viðskiptum við félagið, einstaklinga sem hafa samband við félagið, tengiliði sem koma fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við félagið og aðra t.d. foreldra og forráðamenn iðkenda (hér eftir vísað til sem „viðskiptavinar", „aðila" eða „þín").

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa þig um hvaða persónuupplýsingum félagið safnar og með hvaða hætti slíkar persónuupplýsingar eru nýttar og hverjir hafa aðgang að upplýsingunum.

Ef þig vantar nánari upplýsingar um það hvernig stefna þessi varðar þig, er þér velkomið að hafa samband við persónuverndarfulltrúa félagsins til að fá frekari upplýsingar. Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa koma fram í lok stefnunnar.

1. Tilgangur og lagaskylda:

Persónuverndarstefna félagsins byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (hér eftir vísað til sem „persónuverndarlaga" eða pvl.) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679. (hér eftir vísað til sem „reglugerðarinnar" eða pvrgr.)

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Í skilningi persónuverndarstefnu þessarar eru persónuupplýsingar hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Persónuupplýsingar sem SR vinnur um aðila:

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi aðila sem við eigum í samskiptum við á hverjum tíma. Mismunandi upplýsingum kann að vera safnað um þig, eftir því hvort þú ert sjálf/ur iðkandi, foreldri, forráðamaður eða á annan hátt í viðskiptum við félagið eða hvort þú komir fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við félagið.

Þegar við eigum samskipti við söfnum við eftirfarandi upplýsingum um þig:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang;
- kennitala;
- upplýsingar úr samskiptum;
- upplýsingar sem óskað er eftir í gegnum forritið Abler;
- myndir af iðkendum, áhorfendum og öðrum aðilum úr starfi félagsins, sem kunna að vera notaðar til birtingar í miðlum félagsins.

Framangreindu til viðbótar kunnum við einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem aðilar láta okkur sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru okkar nauðsynlegar vegna starfsemi okkar. Við höfum lögmæta hagsmunir af því að tryggja að viðskiptavinir okkar fái góða þjónustu en framangreindar upplýsingar eru eingöngu unnar með því markmiði. Upplýsingarnar kunna einnig að vera unnar á grundvelli lagaskyldu og óháð þeirri þjónustu sem félagið hefur tekið að sér að veita viðskiptavinum.

Persónuupplýsinga er alla jafna safnað beint frá viðskiptavini eða tengilið hans.

Framangreindar upplýsingar eru varðveittar í allt að fjögur ár frá lokum viðskipta eða frá lokum viðskiptasambands ef um viðvarandi viðskiptasamband hefur verið að ræða. Upplýsingar sem falla undir bókhaldslög eru geymdar í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Upplýsingar kunna í tilfallandi tilvikum að vera varðveittar lengur enda kann vinnsla þeirra að reynast nauðsynleg til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

4. Vinnsla vegna annarra sem samband hafa og heimsækja vefsíður okkar:

Við vinnum almennt með samskiptaupplýsingar og samskiptasögu þeirra sem hafa samband við okkur. Heimsóknir á vefsíðu eru skráðar með notkun nauðsynlegra vefkaka og byggir sú vinnsla á lögmætum hagsmunum okkar. Við söfnum einnig ópersónugreinanlegum tölfræðiupplýsingum um notkun á vefsíðunni.

5. Markpóstur:

Við sendum reglulega út markpóst til þess að kynna þjónustu okkar og afla nýrra viðskiptavina. Vinnsla tölvupóstfanga í slíkum tilgangi byggir á lögmætum hagsmunum félagsins af markaðssetningu.

Ef aðilar vilja ekki fá slíkan póst, þá geta þeir afskráð sig með því að smella á þartilgerðan hlekk í tölvupóstinum.

6. Miðlun til þriðju aðila:

Persónuupplýsingum þínum kann að vera miðlað til þriðja aðila á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, t.d. til stjórnvalda, dómstóla eða lögreglu. Persónuupplýsingar þínar kunna jafnframt að vera afhentar þriðja aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónstu eða þjónustu sem tengist vinnslu og telst hluti af rekstri félagsins. Við miðlum ekki persónuupplýsingum utan EES nema slíkt sé heimilt skv. persónuverndarlögum á grundvelli staðlaðra samningsskilmála, samþykkis þíns eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

7. Öryggi persónuupplýsinga:

Viðeigandi tæknilegar og skipulegar ráðstafanir eru viðhafðar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga þinna.

8. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum:

Þær persónuupplýsingar sem við vinnum með þurfa að vera bæði réttar og viðeigandi. Ef upplýsingar um þig eru rangar, áttu rétt á því að fá þær leiðréttar. Ef upplýsingar eru ófullkonnar áttu rétt á því að láta fullgera þær með því að leggja fram frekari upplýsingar.

9. Réttindi þín:

Þú getur óskað staðfestingar á því hvort við vinnum með persónuupplýsingar um þig eður ei. Ef svo er getur þú óskað eftir aðgangi að upplýsingunum og hvernig vinnslunni er háttað. Þú kannt einnig að eiga rétt á afriti af upplýsingunum. Þú kannt að eiga rétt á því að við sendum upplýsingar sem þú hefur sjálf/ur látið okkur hafa eða stafa frá þér, beint til þriðja aðila. Þá kanntu að eiga rétt á því að persónuupplýsingum um þig verði eytt án tafar, t.d. þegar varðveisla þeirra er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar eða afturköllunar samþykkis þíns fyrir vinnslunni eða ef heimild til grundvallar vinnslunni er ekki lengur til staðar. Sé vinnsla byggð á samþykki getur þú hvenær sem er afturkallað samþykkið. Framangreind réttindi eru ekki algild. Lög kunna að

skylda félagið til að hafna ósk um eyðingu eða aðgang að gögnum. Félagið getur einnig hafnað beiðni þinni ef réttindi annarra vega þyngra t.d. vegna friðhelgi einkalífs.

10. Kvörtun til Persónuverndar:

Þú hefur rétt á að kvarta til Persónuverndar.

11. Samskiptaupplýsingar:

Persónuverndarfulltrúi SR er Friðjón B. Gunnarsson. Netfang hans er fbg@fbg.is og símanúmerið er 779-0900.

12. Breytingar:

Stefna þessi kann að breytast reglulega. Breytingar taka gildi um leið og stefnan hefur verið birt á vefsíðum okkar.

Þessi persónuverndarstefna var síðast uppfærð þann 2. nóvember 2025.